

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis á Árskógssandi.*

Deiliskipulagið felur í sér endurskoðun og sameiningu fyrirliggjandi mæliblaða, þar sem formlegt deiliskipulag athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis liggur ekki fyrir. Einnig er um að ræða skipulagningu á nýjum lóðum.

Skipulagssvæðið er um 7 ha að stærð og afmarkast að norðan af Ægisgötu og að austan af Hafnargötu, en að vestan og sunnan eru lyngmóar og óræktað land.

Samþykkt í bæjarráði 15. júlí 2010.

*Deiliskipulag hafnarsvæðis á Dalvík.*

Markmið með deiliskipulaginu er í meginatriðum tvíþætt: Annars vegar skipulagsgerð í tengslum við nýja ferjuhöfn fyrir Grímseyjarferjuna, ásamt þeim breytingum á veltengingum og hafnarmannvirkjum sem af því leiða. Hins vegar að tengja saman eldri skipulagsáætlanir í eina. Skipulagssvæðið er um 14,5 ha að stærð og afmarkast af Hafnarbraut og Gunnarsbraut í vestri, Sunnutúni í suðri, Sæbraut í norðri og sjávarborði í austri.

Samþykkt í bæjarráði 15. júlí 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem þágildandi skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. Dalvíkurbyggðar, 1. nóvember 2011,*

**Þorsteinn Björnsson** byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. nóvember 2011